

Mosfellsbær  
Þverholti 2  
270 MOSFELLSBÆR

Garðabær, 12. janúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0020  
SS

## Efni: Umsögn um skipulagslýsingu vegna Blikastaðalands – fyrsta áfanga.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 13. desember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu fyrir áformað deiliskipulag um nýtt íbúðarhverfi í Blikastaðalandi – fyrsta áfanga. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og telur helst það sem þarf að koma fram vera til staðar en vill benda á eftirfarandi:

Þótt uppbyggingin sé stækkun á núverandi byggð og því í jaðri hennar og sé að nær öllu leyti á landbúnaðarlandi, ræktuðum túnnum og beitarlandi, þá er um stórt svæði að ræða sem mun taka miklum breytingum og mikilvægt að leggja mat á hvaða áhrif það mun hafa á lífríki innan svæðisins og í næsta nágrenni.

Ekki er ólíklegt að fuglalíf sé töluvert á svæðinu, margir fuglar nýta sér landbúnaðarland sem fæðuöflunar- eða jafnvel varpsvæði. Búsvæði þeirra geta því skerst en önnur búsvæði s.s. fyrir fugla sem þrífast í gördum og grænum svæðum á þéttbýli geta komið í staðinn. Eðlilegt er að í umhverfismati deiliskipulagstillögunnar sé lagt mat á þessa breytingu og best væri ef gögn væru til staðar um fuglalíf svæðisins í dag. Einnig ætti að skoða útbreiðslu sjaldgæfra plantna sem gætu verið á valista eða friðaðar en t.d. hefur tegundin giljaflækja (*Vicia sepium*) fundist í nágrenninu nálægt bakka Úlfarsár. Þá þarf að meta hvort heitar uppsprettur sem falla undir ákvæði 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 um sérstaka vernd verði fyrir áhrifum.

Uppbyggingarsvæðið er í næsta nágrenni við Úlfarsá eða Korpu sem er á náttúruminjaskrá og rennur út í Blikastaðakró sem er friðlýst svæði. Mikilvægt er að leggja mat á hver áhrif uppbyggingar verða á ána og lífríki hennar og á lífríki í fjöru og grunnsævi í Blikastaðakró. Helst þarf að skoða hvort mengunarhætta felist í uppbyggingunni t.d. vegna fráveitu. Tryggja þarf að hönnun ofanvatnslausna og annað fyrirkomulag fráveitu valdi ekki því að mengun berist í Úlfarsá. Einnig ber að huga að truflun frá byggðinni m.a. vegna hávaða- og ljósmengunar og aukinnar umferðar, einkum fyrir fugla og laxfiska í ánni. Í skipulaginu þarf að tryggja lágmarksfjarlægð byggðar og akvega frá bökkum árinna og við hönnun og val á staðsetningu á útivistarinnviðum svo sem göngustígum, leiksvæðum, lýsingu o.fl. þarf einnig að huga að því að draga úr líkum á truflun fyrir lífríki.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar varðandi deiliskipulagsvinnuna ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

*Snorri Sigurðsson*

Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

